

Stjórnarháttayfirlýsing 2013

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er vátryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum umvátryggingastarfsemi nr. 56/2010. Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 79/2008 eru vátryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um hlutafélög og lögum um vátryggingastarfsemi. Stjórn félagsins endurnýjaði starfsreglur sínar þann 27. febrúar 2014 og eru þær aðgengilegar á sjova.is. Stuðst er við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins útgefnum í mars 2012 við ritun stjórnarháttayfirlýsingar þessarar.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Sjóvá starfar eins og framan greinir eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti og uppfyllir ákvæði þeirra, en á því eru eftirfarandi undantekningar sem hér eru tilgreindar.

Í grein 1.1 í 1. kafla leiðbeininganna er mælst til þess að upplýst sé um tímasetningu aðalfundar og upplýsingar honum tengdar tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs. Hluthafar Sjóvár hafa verið þrír talsins undanfarin ár og því annar háttur hafður á boðun þeirra og upplýsingagjöf vegna aðalfunda.

Í grein 1.4 er gerð krafa um birtingu fundargerða hluthafafunda á vefsíðu félagsins. Félagið hefur ekki birt fundargerðir hluthafafunda á vefsíðu sinni en það stendur til. Í grein 5.2, C.1 segir meðal annars: „Stjórn félagsins getur ákveðið að skipuð verði sérstök tilnefningarnefnd til að auka skilvirkni og gagnsæi í málefnum er varða tilnefningu stjórnarmanna.“ Stjórn Sjóvár hefur ekki talið þörf á að skipa sérstaka tilnefningarnefnd í ljósi þess m.a. að stjórnarmenn verða að standast sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Innra eftirlit og áhættustýring

Haldið er utan um stjórnkerfi og skipulag félagsins í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir framkvæmdar reglulega. Gæðastjóri kynnir niðurstöður innri úttekta fyrir framkvæmdastjórn að lágmarki einu sinni á ári.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu, árlegar skýrslur um áhættustýringu, árlegt eigið áhættu- og gjaldþolosmat og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni og auðvelda féluginu að uppgötva og leiðréttu skekkjur, fylgjast með

frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til.

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþáttu félagsins í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2011 um áhættustýringu vátryggingafélaga. Félagið hefur sett sér áhættustefnu sem tryggir heildarsýn yfir áhættur félagsins og samhæfða stýringu þar á. Áhættustýring félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspeglir raunverulega vátryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins er metin með reglulegum hætti og þess gætt að hún sé í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Unnið er að innleiðingu á tilskipun 2009/138/EB – Solvency II tilskipuninni. Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum Deloitte ehf. Innri endurskoðun er í höndum KPMG ehf.

Hlutverk, framtíðarsýn og vegvísar

Á árinu 2013 var féluginu mörkuð ný stefna og áherslur lagðar til næstu ára, en eldri stefna var frá árinu 2010. Að stefnumótunarvinnunni kom allt starfsfólk félagsins auk þess sem gerðar voru kannanir meðal viðskiptavina. Stjórn samþykkti nýja stefnu um mitt ár og byggir hún á skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísum Sjóvár sem starfsfólk hefur að leiðarljósi í starfi sínu. Hlutverk Sjóvár er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Nýir vegvísar eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Verum á undan – þannig sýnum við frumkvæði
- Höfum það einfalt – þannig gerum við okkur skiljanleg
- Segjum það eins og það er – þannig sýnum við heiðarleika
- Verum vingjarnleg – þannig verður allt fyrirtækið eftirsóknarvert

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Stjórnin samþykkti endurskoðaðar starfsreglur sínar 27. febrúar 2014. Reglunar kveða meðal annars á um hæfi stjórnarmanna, verkaskiptingu, og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda stjórnar, s.s. endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið félagsins náist.

Ný áhættustefna var samþykkt fyrir félagið á árinu 2013 og voru jafnhliða ákvarðaðir mælikvarðar fyrir áhættuskýrslu. Stjórn Sjóvár hefur samþykkt siðareglur og stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrir félagið.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvár, starfsreglur endurskoðunarnefndar, stefna um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.

Stjórn

Stjórn Sjóvár er skipuð fimm aðalmönum og fimm varamönum. Aðalmenn eru Erna Gísladóttir, stjórnarformaður, Tómas Kristjánsson, varaformaður, Heimir V. Haraldsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Kristín Haraldsdóttir. Varamenn í stjórn eru Axel Ísaksson, Erna Hlíf Jónsdóttir, Garðar Gíslason, Jón Diðrik Jónsson og Þórhildur Ólöf Helgadóttir.

Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

Stjórn Sjóvár telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Enginn stjórnarmaður er háður féluginu og daglegum stjórnendum þess. Þau Heimir og Kristín eru óháð féluginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Erna, Tómas og Ingi Jóhann eru stjórnarmenn í samlagshlutaféluginu SF 1 sem er stærsti hluthafi í Sjóvá.

Erna Gísladóttir, stjórnarformaður, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 20. júní 2009. Hún tók við formennsku stjórnar í júlí 2011. Erna er B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags, og framkvæmdastjóri frá 1991. Hún situr auk stjórnar BL ehf. í stjórnnum Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Eldhúsvara ehf., Haga hf., Hregg ehf., SF1 slhf. og SF1GP ehf.

Erna er einn eigandi og stjórnarmaður í Egg ehf. Egg ehf. á 4% hlut í SF 1 slhf. sem leiðir af sér 2,921% óbeinan eignarhlut í Sjóvá. Erna er jafnframt stjórnarmaður í SF 1 slhf. og ábyrgðaraðila þess SF1 GP ehf.

Tómas Kristjánsson, varaformaður, fæddur 15. nóvember 1965, til heimilis í Reykjavík . Tómas hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28 . júlí 2011. Tómas er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1989 og með MBA-gráðu frá háskólanum í Edinborg 1997. Hann hefur frá júní 2007 starfað sem annar eigenda og í stjórn hjá fjárfestingaféluginu Siglu ehf. og fasteignaféluginu Klasa ehf. Tómas var framkvæmdastjóri áhættustýringar, fjárvíkingar, fjármögnumnar og reikningshalds Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (síðar Íslandsbanka hf. og Glitnis banka hf.) og sat í framkvæmdastjórn bankans frá 1998 til maí 2007. Hann starfaði sem yfirmaður lánaeftirlits Iðnláanasjóðs 1990–1998. Tómas situr auk þess sem að framan er talið í stjórnnum Gana ehf., Elliðavogs ehf., Heljarkambs ehf., Garðabæjar miðbæjar hf., Klasa fasteigna hf., Nesvalla ehf., NV lóða ehf., SF 1 slhf., SF1 GP ehf. og Senu ehf. Tómas er einn eiganda og stjórnarmaður í Siglu ehf. Sigla ehf. á 0,9% hlut í SF 1 slhf. sem leiðir af sér 0,693% óbeinan eignarhlut í Sjóvá. Tómas er jafnframt stjórnarmaður í SF 1 slhf. og ábyrgðaraðila þess SF1 GP ehf.

Heimir V. Haraldsson, fæddur 22. apríl 1955, til heimilis í Reykjavík. Heimir hefur setið í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009. Heimir er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1979, og fékk löggildingu sem endurskoðandi 1982. Heimir hefur rekið eigin fjárfestingar- og ráðgjafarfyrirtæki og sinnt ýmsum stjórnar- og nefndarstörfum frá árinu 2002 . Heimir var framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gildingar hf. 2000–2002. Hann starfaði 1976–2000 hjá Endurskoðun hf., síðar KPMG Endurskoðun hf. í Reykjavík.

Hann var meðeigandi og síðar framkvæmdastjóri félagsins í tíu ár, samhliða störfum við endurskoðun og ráðgjöf. Heimir sat í skilanefnd Glitnis banka hf. frá árinu 2008 til ársloka 2011. Heimir situr í stjórnum Lyfju hf., Nafns hf., Fjármagns ehf., Safns ehf., Safns Ráðgjafar ehf., Forða ehf., og Holtasunds ehf.

Heimir er óháður féluginu, daglegum stjórñendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingí Jóhann hefur setið í stjórnum Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingí Jóhann er Cand.Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. Hann var framleiðslustjóri Íslenskra sjávararfurða frá 1995-2000. Hann situr í stjórnum Síldarvinnslunnar hf., SVN eignafélags ehf., Kjálkaness ehf., Iceland Seafood International ehf., SF 1 slhf. og SF1 GP ehf.

Ingí Jóhann er stjórñarmaður í SVN eignafélagi ehf. SVN eignafélag ehf. á 18,4% hlut í SF 1 slhf. sem leiðir af sér 13,42% óbeinan eignarhlut í Sjóvá. Ingí Jóhann er jafnframt stjórñarmaður í SF 1 slhf. og ábyrgðaraðila þess SF1 GP ehf.

Kristín Haraldsdóttir, fædd 26. mars 1970, til heimilis í Reykjavík. Kristín hefur setið í stjórnum Sjóvár frá 21. ágúst 2012. Kristín lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1995 og LL.M. í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi 1997. Kristín starfar sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík og er forstöðumaður Auðlindaréttarstofnunar lagadeilda Háskólans í Reykjavík. Hún var aðstoðarmaður dómara við EFTA dómstólinn 2003–2008. Hún var lögfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu 1997–2000, og í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu 2000–2003. Hún starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu Svölu Thorlacius og Gylfa Thorlacius 1996. Kristín situr í stjórnum Orkuskólans Reyst hf. Kristín er óháð féluginu, daglegum stjórñendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórnum

Axel Ísaksson, fæddur 22. september 1964, til heimilis í Neskaupstað. Axel er fjármálastjóri Síldarvinnslunnar hf.

Erna Hlíf Jónsdóttir, fædd 15. október 1980 til heimilis í Kópavogi. Erna Hlíf er lánastjóri í sérlánateymi Glitnis banka hf.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimils í Garðabæ. Garðar er lögmaður á Lex ehf.

Jón Diðrik Jónsson, fæddur 11. apríl 1963, til heimilis í Garðabæ. Jón Diðrik er framkvæmdastjóri Draupnis fjárfestingafélags ehf.

Þórhildur Ólöf Helgadóttir, fædd 2. febrúar 1972, til heimilis í Reykjavík. Þórhildur Ólöf er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Securitas hf.

Stjórn Sjóvár fundaði 16 sinnum á árinu 2013. Mætingu stjórnarmanna var þannig háttað að einn stjórnamaður forfallaðist tvisvar sinnum á árinu en ekki var kallaður til varamaður í hans stað. Fimm stjórnarmenn sátu alla fundina að fyrrgreindum tveimur fundum frátöldum þar sem stjórnarmenn voru fjórir.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvár, skipa Hermann Björnsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvarsdóttir, löggiltur endurskoðandi og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður.

Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir, Grétar Dór Sigurðsson og Valdemar Johnsen. Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. fundaði 6 sinnum á árinu.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur aðilum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættugreiningu og virkni innra eftirlits. Hún skal tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd Sjóvár skipa Guðný Benediktsdóttir, formaður, Anna Guðmundsdóttir og Finnur Sveinbjörnsson.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftar ef þurfa þykir. Nefndin átti 9 fundi árið 2013 og voru allir fundir fullskipaðir nefndarmönnum. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og gerð áhættustefnu, yfirferð skýrslu frá ytri og innri endurskoðendum og viðbrögð stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunarnefnd hafði umsjón með mati á nýjum endurskoðendum og gerði tillögur til stjórnar í því sambandi, en samkvæmt ákvæðum laga er féluginu skyld að skipta um ytri endurskoðendur á fimm ára fresti. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var skoðun á ferlum í fjárfestingum, innheimtu, endurtryggingum, stofnstýringu, viðskiptaþróun, lögfræðiráðgjöf og gæðamálum.

Endurskoðunarnefnd Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. er skipuð sömu aðilum og endurskoðunarnefnd Sjóvár. Endurskoðunarnefnd átti fjóra fundi um málefni Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. á árinu 2013.

Starfskjaranefnd

Stjórn ákvað á fundi sínum 14. janúar 2014 að skipa starfskjaranefnd. Hlutverk hennar er að útbúa starfskjarastefnu fyrir félagið og hafa eftirlit með að henni sé framfylgt. Þá skal nefndin tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög og reglur ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og -stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjaranefnd skipa allir stjórnarmenn félagsins. Nefndin fundar að lágmarki einu sinni á ári og oftar ef þurfa þykir.

Fjárfestingaráð

Í reglum sem stjórn Sjóvár setti um fjárfestingastarfsemi félagsins eru skýrðar heimildir forstjóra til ákvarðana um fjárfestingar án fyrir fram ákveðins samþykkis stjórnar félagsins. Samkvæmt reglunum fer fjárfestinganefnd sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs og forstöðumanni fjárfestinga sameiginlega með fjárfestingaumboð forstjóra. Sé fjárfestingaákvörðun yfir heimildum forstjóra skal leggja hana fyrir fjárfestingaráð. Fjárfestingaráð er skipað þremur stjórnarmönnum félagsins. Í fjárfestingaráði sitja Erna Gísladóttir, Tómas Kristjánsson og Ingi Jóhann Guðmundsson. Fjárfestingaráð átti 7 fundi árið 2013.

Forstjóri

Forstjóri Sjóvár er **Hermann Björnsson**, fæddur 15. febrúar 1963 til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Hermann Björnsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðan sem forstöðumaður rekstrardeilda. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnum Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna og líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. Hann situr í stjórnum Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., Samtaka fjármálfyrirtækja, Ysta-Mós ehf. og varastjórn Viðskiptaráðs Íslands. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011. Hermann á ekki hlutafé í félaginu og hefur ekki gert kaupréttarsamning við félagið.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð lykilstarfsmönnum þess og ber hver framkvæmdastjóri ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra. Til framkvæmdastjórnar heyra einnig forstöðumaður áhættustýringar og forstöðumaður fjárfestinga. Meðlimir framkvæmdastjórnar eiga ekki hlutafél í félaginu og hafa ekki lögvarinn rétt til að eignast það.

Ólafur Njáll Sigurðsson, fæddur 22. maí 1958, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri fjármálasviðs og staðengill forstjóra. Fjármálasvið ber ábyrgð á innheimtu og kostnaðarbókhaldi, uppgjörum og áætlunum. Ólafur Njáll er jafnframt framkvæmdastjóri Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., Sjóvá Forvarnahússins ehf. og Keira 1 ehf. en engin dagleg starfsemi er í tveimur síðarnefndu félögum. Ólafur Njáll er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1984. Hann var fjármálastjóri hjá Latabæ ehf. 2004-2009 og forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins hf. frá 1990-2004. Hann starfaði sem fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins hf. 1987-1989 og aðalbókari hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1982-1987. Ólafur Njáll situr í stjórnum Sigurðar Njálssonar ehf. og Ásgeirs Péturssonar ehf. Ólafur Njáll hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2009.

Auður Danielsdóttir, fædd 18. júní 1969, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri tjónasviðs. Sviðið sér um tjónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvvarðanir, tjónaskoðun og áætlun á tjónaskuld. Undir tjónasvið falla einnig forvarnir Sjóvár. Auður er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997, og lauk diplomanámi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands 2002 og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona 2008. Hún hefur verið framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár frá 2007 en var áður starfsmannastjóri félagsins frá 2002. Auður starfaði sem starfsmannaráðgjafi hjá PriceWaterhouseCoopers ehf. 1998-2002, sem fulltrúi í hagdeild Samskipa hf. 1997-1998 og flugfreyja hjá Flugleiðum hf. 1991-1997.

Elín Þórunn Eiríksdóttir, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri sölu- og ráðgjafarsviðs. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Útibú og umboðsnet félagsins tilheyrir einnig sviðinu, sem og viðhald viðskiptavinastofns félagsins. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Hún starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Hún gegnir stjórnarformennsku í Radíómiðun ehf. og Staka Automation ehf. Elín hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2012.

Sæmundur Sæmundsson, fæddur 22. ágúst 1962, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri þjónustuog rekstrarsviðs. Sviðið ber ábyrgð á rekstri og innri þjónustu, s.s. mannaúðsmálum, gæða- og öryggismálum og upplýsingatækni. Sæmundur er B.Sc. í tölvunarfræði frá University of Texas 1992 og hefur auk þess aflað sér víðtækrar viðbótarmenntunar, m.a. á sviði stjórnunar, verkefnastjórnunar, hugbúnaðarþróunar og fundarstjórnar. Sæmundur var forstjóri Teris 1998-2011, forstöðumaður hugbúnaðarþróunar Teris 1994-1998, hugbúnaðarfræðingur hjá Hjarna hf. 1989-1991. Hann hefur setið í fjölmögum sérfræðinefndum á vegum fjármálfyrirtækja og var meðal annars stjórnarformaður Auðkennis ehf. Sæmundur er varamaður í stjórn Reiknistofu bankanna hf. Sæmundur hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2011.

Valdemar Johnsen, fæddur 5. desember 1968, til heimilis í Garðabæ, er framkvæmdastjóri vátryggingasviðs. Á verksviði vátryggingasviðs eru endurtryggingar, endurnýjanir, stofnstýring, vörubróun, viðskiptareglur og lögfræðiráðgjöf við önnur svið félagsins. Valdemar er jafnframt aðallögfræðingur Sjóvár. Valdemar lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1999 og réttindum til málflutnings fyrir héraðsdómi (hdl.) árið 2000. Hann var framkvæmdastjóri vátryggingasviðs og viðskiptaþróunar hjá Íslandstryggingu hf., síðar Verði tryggingum hf. 2002-2011 og lögmaður hjá Lögmönnum Höfðabakka ehf. 1999–2002. Valdemar hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2011.

Steinunn Guðjónsdóttir, fædd 5. janúar 1963, til heimilis í Reykjavík, er forstöðumaður áhættustýringar. Á verksviði áhættustýringar eru meðal annars yfirumsjón með

innleiðingu samhæfðrar áhættustýringar, útreikningur á gjaldþolskröfu og eigin áhættu- og gjaldþolsmati, verkstjórn áhættumats og þróun mælikvarða og þolmarka. Steinunn er með kennsluréttindi frá Háskóla Íslands 2000, M.Sc. í tryggingastærðfræði frá Háskolanum í Amsterdam 1999 og M.Sc. í stærðfræði frá Háskolanum í Groningen 1988. Steinunn hefur verið forstöðumaður áhættustýringar frá 2011, en hún hefur starfað hjá félagini frá 1999, sem tryggingastærðfræðingur í hagdeild og tryggingastærðfræðingur Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Hún hefur jafnframt verið sjálfstætt starfandi tryggingastræðfræðingur, aðallega fyrir lífeyrissjóði, frá 1999. Steinunn kenndi stærðfræði við Menntaskólann við Sund 1988-1995. Steinunn er formaður Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Þórður Pálsson, fæddur 8. janúar 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi, er forstöðumaður fjárfestinga. Á verksviði fjárfestinga eru fjárfestingastarfsemi og fjárfestatengsl. Þórður er með MBA frá University of Delaware 1995, B.Sc. í viðskiptafræði frá American Business School í Lyon 1994 og B.A. í heimspeki frá Háskóla Íslands 1992. Hann var forstöðumaður fyrirtækjarágvjafar Tinda verðbréfa 2010-2012, forstöðumaður greiningardeildar, framkvæmdastjóri fyrirtækjabjónustu í Danmörku, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og sérfræðingur á skrifstofu bankastjóra Arion banka hf. (áður Kaupþings hf.) 1999-2010, og fréttastjóri fjármála hjá Viðskiptablaðinu 1998-1999. Þórður hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2012.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Hluthafar í Sjóvá voru þrír árið 2013. SF1 slhf. á 73,03% hlut, SAT Eignarhaldsfélag hf. á 17,67% hlut og Íslandsbanki hf. á 9,30% hlut. Félagið hóf á árinu undirbúning fyrir skráningu á NASDAQ OMX Iceland og fer útboð á hlutabréfum fram á vormánuðum. Allir hluthafar eru hvattir til að mæta á aðalfund þar sem gefnar eru ítarlegar upplýsingar um starfsemi félagsins.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um vátryggingafélög eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með vátryggingastarfsemi.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

27. febrúar 2014